



HLUTVERK AÐALSTJÓRNAR ÍPRÓTTAFÉLAGS

Um stjórnun íþróttafélaga

Aðalfundur fer með æðsta vald í félagi en aðalstjórn er falið það milli aðalfunda og ber því ábyrgð á starfi og fjárhag félagsins í heild. Aðalstjórn er kjörin á aðalfundi og vinnur að hagsmunum félagsins í umboði félagsmanna. Í lögum félags kemur fram hvernig stjórn er skipuð og í sumum tilfellum hvaða hlutverkum ólík embætti innan stjórnar gegna.

Meginhlutverk stjórnar er að stýra starfsemi félagsins í samræmi við vilja félagsmanna eins og fram kemur í lögum félags, fundarsamþykktum, samþykktri stefnu og markmiðum þess. Þá skal leitast við að byggja upp og viðhalda heilbrigðum félagsanda í félaginu.

Mikilvægt er að stjórnarmenn séu vel upplýstir um starfsemi félagsins, lög, markmið og fjárhag þess. Þeim ber að vera meðvitaðir um hlutverk sitt og taka ákvarðanir á upplýstan hátt með hag félagsins að leiðarljósi.

Verkefni stjórnar eru margvísleg. Sum eru lögbundin í lögum félagsins, lögum ÍSí eða viðkomandi héraðssambands/íþróttabandalangs á meðan önnur má leiða af eðli starfseminnar. Sem dæmi um verkefni stjórnar má nefna:

- Stefnumótun og markmiðasetning
 - **Setja stefnu fyrir félagið.** Skilgreina framtíðarsýn, gildi og markmið.
 - **Þróa lagntíma- og skammtímaáætlanir.** Hvernig ætlar félagið að þróa íþróttastarf sitt, bæta aðstöðu og auka þátttöku.
 - **Tryggja að starfsemi félagsins sé í samræmi við tilgang þess.**
- Fjármálastjórnun
 - **Eftirlit með fjármálum.** Fylgjast með fjárhagsstöðu félagsins, samþykkja fjárhagsáætlanir og fylgjast með að þær séu haldnar.
 - **Öflun styrkja og fjármögnun.**
- Eftirlit með starfsemi félagsins
 - **Samstarf við framkvæmdastjóra og starfsfólk.**
 - **Eftirlit með íþróttastarfi.** Stjórn hefur yfirumsjón með þjálfararáðningum, og þjálfunaráætlunum. Þá ber henni að tryggja að félagsmenn fái þjónustu í samræmi við stefnu félagsins.
- Samskipti og vinnubrögð
 - **Samskipti við félagsmenn.** Stjórn skal upplýsa félagsmenn um stefnumótun, fjárhagsstöðu og aðra mikilvæga þætti með reglulegum fundum eða með því að gera fundargerðir og ársskýrslur opinberar.
 - **Búa til jákvæða menningu innan félagsins.**
 - **Lögmæti.** Stjórn ber ábyrgð á að félagið fylgi lögum, reglugerðum og samþykktum þess.
- Mannauðsstjórnun





- **Ráða og styðja við starfsfólk.** Stjórn ber ábyrgð á að ráða hæfa einstaklinga til starfa og veita þeim nauðsynlegan stuðning.
- **Afla sjálfbæði.**
- Samskipti út á við
 - **Kynna starfsemi félagsins.** Stjórn hefur það hlutverk að auka sýnileika félagsins í samfélaginu og byggja upp gott orðspor.
 - **Samskipti við samstarfsaðila.** Eiga samskipti við styrktaraðila, opinbera aðila og önnur félög.
- Öryggi og velferð
 - **Öryggi iðkenda og starfsmanna.** Stjórn skal tryggja að félagið hafi ferla til að bregðast við slysum og öðrum atvikum.
 - **Barnavernd.** Stjórn ber ábyrgð á að félagið starfi í samræmi við ákvæði laga um barnavernd og til séu staðar verkferlar varðandi tilkynningar til barnaverndar.
 - **Jafnrétti.** Stjórn ber að tryggja jafnrétti og stuðla að fjölbreytileika í starfsemi félagsins.
- Önnur verkefni
 - **Móttaka og afgangsla erinda**
 - **Leysa úr ágreiningsmálum sem upp koma milli aðila í félaginu.** Æskilegt er að til staðar sé verkferill fyrir meðferð slíkra mála.

Lögbundin verkefni félaga á grundvelli laga ÍSÍ eru eftirfarandi:

- Félag skal hafa iðkun ípróttar sem samþykkt hefur verið af framkvæmdastjórn ÍSÍ á stefnuskrá sinni.
- Rekstur félagsins skal einskorðaður við hagsmuni þess og þeirrar starfsemi sem tengist iðkun ípróttar og ekki rekið í hagnaðarskyni.
- Lög félagsins mega ekki ganga í berhögg við lög og reglur ÍSÍ né hlutaðeigandi héraðssambands/ípróttabandlags.
- Breytingar á lögum félagsins skulu sendar ÍSÍ og héraðssambandi/ípróttabandalagi til staðfestingar og taka ekki gildi fyrir en staðfesting liggur fyrir.
- Félagsaðild skal vera öllum frjáls og ekki aðrar takmarkanir á þátttöku í félagsstarfi en þær sem ytri aðstæður, t.d. þjálfunaraðstæður, leyfa.
- Félagið skal halda skrár yfir félagasína og iðkendur.
- Félagið skal vera óháð erlendum samtökum um allt annað en alþjóðaípróttareglur enda gangi þær hvorki í berhögg við lög ÍSÍ né reglur Alþjóðaólympíunefndarinnar, IOC.
- Félagið skal vera skráður lögaðili.
- Félagið skal tilkynna viðkomandi héraðssambandi/ípróttabandalagi og sérsambandi um stofnun nýrra deilda.
- Félagið skal skila starfsskýrslu til ÍSÍ fyrir 15. apríl árlega.





Réttindi og skyldur stjórnarmanna

- Stjórnarnarmönnum ber að mæta á alla boðaða fundi, nema lögmæt forföll komi í veg fyrir það.
- Stjórnarmaður er aðeins bundinn af landslögum, lögum félagsins og eigin sannfæringu í afstöðu sinni til einstakra mála. Honum ber að gegna störfum sínum af samviskusemi með hagsmuni félagsins að leiðarljósi.
- Stjórnarmaður skal hafa aðgang að þeim gögnum félagsins sem nauðsynleg eru vegna ákvarðanatöku stjórnar um einstök málefni.
- Stjórnarmaður á rétt á að athugasemdir og afstaða hans til einstakra mála sé sérstaklega bókuð í fundargerð.
- Aðalstjórn félags ber sameiginlega ábyrgð á starfsemi félagsins gagnvart félagsmönnum. Einstakir stjórnarmenn bera ekki fjárhagslega ábyrgð á skuldbindingum félagsins nema þeir gangist í persónulega ábyrgð á þeim. Gerist stjórnarmenn hins vegar brotlegir gegn landslögum í stjórnarstörfum bera þeir ábyrgð á þeim skaðaverkum sem þeir kunna að valda. Þá getur stjórnarmaður orðið skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum vegna tjóns sem hann veldur af gáleysi eða ásetingin í störfum sínum fyrir félagið.

Verkaskipting stjórnar

Stjórn íþróttafélags tekur sameiginlega ákvarðanir, en í stjórninni er að jafnaði ákveðin verkaskipting. Vel skilgreind hlutverk tryggja að félag sé rekið á skilvirkan og faglegan hátt. Skýr verkaskipting stuðlar að betri stjórnun og góðri framkvæmd á stefnu félagsins. Hver stjórn ákveður hvernig verkaskipting er en hér eru dæmi um hvernig skipta má verkum.

Formaður

- Boðar til stjórnarfundar og stjórnar þeim.
- Hefur eftirlit með starfsemi félagsins og að lögum þess og samþykktum sé fylgt.
- Er talsmaður félagsins útá við.
- Tryggir að stjórnarmenn og aðrir aðilar vinni saman í samræmi við markmið félagsins.

Varaformaður

- Er staðgengill formanns.
- Stuðningur við formann.

Ritari

- Ritar fundargerðir.
- Skjölun.
- Sér um samskipti við utanaðkomandi aðila, svo sem boðun funda og tilkynningar.
- Samstarf við formann við skipulagningu og undirbúning funda.

Gjaldkeri

- Hefur yfirumsjón og eftirlit með fjárreiðum félagsins.
- Sér um greiðslur og innheimtu.





- Veitir aðhald í fjármálum
- Er í samskiptum við endurskoðanda/skoðunarmann.
- Svarar fyrirspurnum um reikninga og fjármál

Meðstjórnandi

- Stuðningur við aðra stjórnarmenn
- Ráðgjöf og þátttaka
- Sinnir verkefnum sem honum eru sérstaklega falin

Nýir stjórnarmenn

Nýir stjórnarmenn í íþróttafélagi þurfa að undbúa sig vel til að sinna hlutverki sínu á skilvirkan hátt. Hér eru lykilatriði til að huga að við undirbúninginn

- Kynna sér lög og reglur félagsins og ÍSí
- Vera upplýstur um tilgang og markmið félagsins
- Kynna sér fjárhagsstöðu félagsins
- Fá viðeigandi upplýsingar frá öðrum stjórnarmönnum um starfsemi félagsins
- Fá upplýsingar um skyldur félagsins gagnvart sínu héraðssambandi/íþróttabandalagi og ÍSí

